



6.6.1. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016 og 722/2017

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Almennar kröfur

Í grein 6.6.1 í byggingarreglugerð segir:

„**Meginreglur:** Eftirfarandi meginreglur gilda um merkingar, leiðbeiningar, handföng o.fl.:

1. Innan bygginga þar sem gerð er krafa um algilda hönnun skulu skilti og aðrar leiðbeiningar í umferðarleiðum vera eins einfaldar og auðlesnar og framast er unnt. Litamunur leturs og grunnflatar skilta skal vera afgerandi svo lestur sé auðveldur sjónskertum. Upplýsingar skulu einnig vera skráðar með punktalettri eða þannig framsettar að blindir hafi aðgang að þeim upplesnum.
2. Öll handföng, rofar, tenglar, stýringar, stillingar, læsingar o.þ.h. innan bygginga þar sem krafist er algildrar hönnunar skulu vera einfaldar að gerð og einfaldar í notkun og þannig gerðar og þannig staðsettar að þær henti sem fjölbreyttustum hópi fatlaðra einstaklinga. Handföng skulu vera þannig gerð að auðvelt sé að taka á þeim og stjórna.
3. Á snyrtingum og baðaðstöðu fatlaðra á vinnustöðum eða í opinberum byggingum skulu blöndunartæki vera þannig að hægt sé að stjórna þeim með annarri hendi og í baðaðstöðu skulu tækin vera með hitastýringu.

Viðmiðunarreglur: Eftirfarandi viðmiðunarreglur gilda um skilti, leiðbeiningar, handföng o.fl.:

1. Handföng, stýringar, rofar og slíkur búnaður í byggingum þar sem krafist er algildrar hönnunar skal almennt staðsettur á bilinu frá 0,70 m til 1,20 m ofan við frágengið gólf.
2. Rafmagnstenglar í byggingum sem hannaðar eru á grundvelli algildra hönnunar skulu almennt ekki hafðir nær innhorni en 0,50 m.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

A Inngangur

Meginreglur eru ávallt ófrávíkjanlegar en viðmiðunarreglur eru frávíkjanlegar ef sýnt er fram á að aðgengi og öryggi sé tryggt með jafngildum hætti og meginregla viðkomandi ákvæðis uppfyllt. Í slíkum tilvikum skal hönnuður skila með hönnunargögnum greinargerð þar sem gerð er grein fyrir því og rökstutt með hvaða hætti meginregla ákvæðisins er uppfyllt og aðgengi og öryggi tryggt.

B Meginreglur

- 1** 1. töluliður í 6.6.1 gr. segir: „Innan bygginga þar sem gerð er krafa um algilda hönnun skulu skilti og aðrar leiðbeiningar í umferðarleiðum vera eins einfaldar og auðlesnar og



framast er unnt. Litamunur leturs og grunnflatar skilta skal vera afgerandi svo lestur sé auðveldur sjónskertum. Upplýsingar skulu einnig vera skráðar með punktalettri eða þannig framsettar að blindir hafi aðgang að þeim upplesnum.“

Staðsetja skal skilti milli 1,2 m og 1,6 m hæðar ofan við frágengið gólf. Mjög gott er að nota táknmyndir með texta. Tákn-myndir eru mjög mikilvægar fyrir þá sem eiga erfitt með lestur, fólk með þroska-hömlun og jafnvel eldra fólk. Við hönnun skilta og upplýsinga er mikilvægt að taka litblindu með í reikninginn. (<http://colororacle.org/> er forrit sem hægt er að hlaða niður. Þar er hægt að sjá myndir og fleira sem líkja eftir litaskynjun fólks með litblindu.).



Mynd 1. Dæmi um skilti með punktalettri




Mynd 2. Dæmi um skilti í góðum litamismun við vegg




Mynd 3. Dæmi um skilti með táknmynd, upphleyptum texta, punktalettri og í miklum litamismun



Mikill litamismunur skal vera á milli bakgrunns og skiltis. Þá er auðveldara að sjá skiltið úr fjarlægð og texti auðlesnari.




Mynd 4. Lítill litamismunur á milli bakgrunns og skiltis




Mynd 5. Mikill litamismunur á milli bakgrunns og skiltis

Mikill litamunur skal vera á texta og bakgrunni skiltis. Mismunur að minnsta kosti 60 mælt í LRV kerfinu (LRV=lysrefleksionsværdi) eða 0,75 á NCS skalanum (hlutfall endurkastshæfni ljóss) (NCS=Natural Color System sjá <http://www.ncscolour.co.uk>). Hlutfall endurkastshæfni ljóss fyrir einstaka liti er hægt að nálgast til dæmis í atlas fyrir NCS litakerfið. Hlutfall endurkastshæfni ljóss fyrir einstaka liti dregst hvert frá öðru.




Mynd 6. Mismunur í LRV 60

Forðast skal að nota einungis hástafi. Upphleypdir stafir eru auðlesnastir fyrir sjónskerta.



Mynd 7. Mikill litamismunur á texta og skilti



Mynd 8. Mikill litamismunur á texta og skilti

- 2 2. töluliður í 6.6.1 gr. segir: „Öll handföng, rofar, tenglar, stýringar, stillingar, læsingar o.þ.h. innan bygginga þar sem krafist er algildrar hönnunar skulu vera einfaldar að gerð og einfaldar í notkun og þannig gerðar og þannig staðsettar að þær henti sem fjölbreyttustum hópi fatlaðra einstaklinga. Handföng skulu vera þannig gerð að auðvelt sé að taka á þeim og stjórna.“

Rofar þurfa að skera sig í litamismun frá bakgrunni.




- 3** 3. töluliður í 6.6.1 gr. segir: „Á snyrtingum og baðaðstöðu fatlaðra á vinnustöðum eða í opinberum byggingum skulu blöndunartæki vera þannig að hægt sé að stjórna þeim með annarri hendi og í baðaðstöðu skulu tækin vera með hitastýringu.“

Tæki á snyrtingu eru sýnilegri ef bakgrunnur er í öðrum lit en þau, til dæmis sést hvítur vaskur á gráum vegg betur en á hvítum vegg.


C Viðmiðunarreglur

- 1** 1. töluliður í 6.6.1 gr. segir: „Handföng, stýringar, rofar og slíkur búnaður í byggingum þar sem krafist er algildrar hönnunar skal almennt staðsettur á bilinu frá 0,70 m til 1,20 m ofan við frágengið gólf.“

Handföng skulu vera þannig gerðar að auðvelt sé að taka á þeim og stjórna.



Mynd 9. Staðsetning stýringa,takka



Mynd 10. Staðsetning stýringa,takka

- 2** 2.töluliður í 6.6.1 gr. segir: „Rafmagnstenglar í byggingum sem hannaðar eru á grundvelli algildrar hönnunar skulu almennt ekki hafðir nær innhorni en 0,50 m.“

Sjá mynd 9.

Tilvísanir

- <http://www.rabygg.is/adgengi>
- <http://www.ncscolour.co.uk>